

Nr. 19-151 S 091 Frár VE 78***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1595
IMO: 7631054
Útgerð: Frár ehf.
Smíðaður: England, 1977, stál.
Stærð: 292,06 bt. 192,01 brl.
Mesta lengd: 28,95 m *Skráð lengd:* 27,01 m
Breidd: 7,20 m *Dýpt:* 6,03 m
Vél: Stork, 575,0 kw, 1988.
Fjöldi skipverja: 11



Frár©Ófeigur Lýðsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. apríl 2019 var Frár VE 78 á togveiðun við Vestmannaeyjar. Veður: SV 10 m/s og ölduhæð um 4 m.

Tveir vélstjórar voru að gera við færiband sem staðsett var upp undir lofti í lestinni. Annar þeirra stóð ofan í tómu fiskikari sem rann þvert yfir skipið þegar það valt með þeim afleiðingum að hann féll niður þrjár karahæðir. Hann lenti ofan í tómu lifrakari og fékk yfir sig fiskikarið sem hann hafði staðið í.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjar voru að ganga frá aflanum eftir fyrsta hol og kom þá í ljós að lestarfæribaldið var bilað;
- að slasaði var í fiskikari í fjórðu hæð en það var ofan á fiskikörum sem voru full af ís;
- að við fallið fékk hann alvarlega áverka á háls, bak og báðar hendur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á mikilvægi þess að sjómenn geri áhættumat og tryggi vel vinnuaðstöðu sína áður en gengið er til verka.